

## Alþjóðaviðskiptastofnunin: Verulegar tollalækkanir til Rússlands

**Tollar á mikilvægustu útflutningsvörum Íslendinga til Rússlands lækka verulega eftir að samkomulag hefur náðst í beinum viðræðum við Rússa vegna fyrirhugaðrar aðildar þeirra að Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO). „Náið samráð við atvinnulífið skilaði okkur mjög ásættanlegri niðurstöðu og við náðum fram umtalsverðum tollalækkunum og styttingu á aðlögunartímabilum, ekki aðeins fyrir sjávarafurðir heldur einnig fyrir ýmis konar tækjabúnað og plastkór,“ segir Grétar Már Sigurðsson skrifstofustjóri viðskiptaskrifstofu.**

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Síldarvinnslunnar hf. og formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ), segir að tollalækkunin, sem náðist fram á heilfrystri loðnu, geti ein og sér skilað þjóðarbúinu á annað hundrað milljónum króna á ári. Samkomulagið hefur verið áritað af samningamönnum beggja ríkja en undirritun mun fara fram síðar á árinu.

### Tollar á öllum helstu útflutningsvörum lækka úr 10% í 3%.

Tollar á allar helstu sjávarafurðir, sem Íslendingar flytja út til Rússlands lækka úr 10% í 3% að loknu tveggja ára aðlögunartímabili eftir inngöngu Rússlands í WTO. Undantekning frá þessu er heilfryst loðna, sem lækkar úr 10% í 3% eftir aðeins eins árs aðlögunartímabil. Rússar munu almennt lækka tolla á fiskikerum úr plasti úr 20% í 6,5% að loknu 3-4 ára aðlögunartímabili. Að ósk Íslendinga féllust Rússar á að taka upp nýtt tollnúmer fyrir einangruð fiskiker, sem eru framleidd á Íslandi í miklu magni, og tollalækkunin á þeim kemur til framkvæmda eftir aðeins eins árs aðlögunartímabil. Tollar á vigtar, sem nokkuð er framleitt af hér á landi, lækka úr 5 - 10% í 3% eftir tveggja ára aðlögunartímabil. Fyrir allar þessar vörur veita Rússar Íslendingum svokallaðan frumkvæðisrétt, sem þýðir að Ísland verður aðalsamningsaðili í öllum framtíðarviðræðum um tvíhliða eða marghliða tollalækkanir á þessum vörum gagnvart Rússlandi innan vébanda Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Stefán Haukur Jóhannesson, fastafulltrúi Íslands gagnvart Alþjóðaviðskiptastofnuninni, fer með

formennsku í samninganefnd WTO um aðild Rússlands að stofnuninni sem sér um allsherjarsamninga við Rússa fyrir hönd Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. „Vonir standa til þess að okkur takist að ljúka viðræðunum að mestu efnislega fyrir ráðherrafund WTO í Hong Kong í desember á þessu ári.“ segir Stefán Haukur. „Ef það tekst gæti orðið að formlegri aðild Rússlands að WTO á árinu 2006.“

**Gríðarlegir hagsmunir fyrir íslenskan sjávarútveg** Björgólfur Jóhannsson segir að ljóst sé að ávinningur íslensks sjávarútvegs og þjóðarbúsins af tollalækkunum sé gríðarlegur, þó erfitt sé að áætla nákvæma tölu vegna breytinga á mörkuðum og aflabrögðum. „Miðað við magn og vinnslu loðnuafila á þessu fiskveiðiári og aðstæður á markaði gæti tollalækkun á loðnu úr 10% í 3% skilað virðisauka sem yrði á annað hundrað milljónir króna á einu ári,“ segir Björgólfur.

„Tollalækkanir á öðrum tegundum, ekki síst síld og kolmunna sem einnig lækka úr 10% í 3%, hafa einnig mjög mikla þýðingu og breyta miklu fyrir þennan markað.“

### Gjörbylting fyrir útflutning á fiskikerum til Rússlands

Erlendur Geir Arnarson, markaðsstjóri hjá Sæplasti hf., segir að tollalækkanirnar muni gjörbreyta aðstöðu fyrirtækisins á Rússlandsmarkaði.

„Markaðurinn í Rússlandi er í örur vexti og áhugi á okkar vörum er mjög mikill. Háir tollar hafa hins vegar staðið í vegi fyrir útflutningi og gert okkur erfitt um vik að fá dreifingaraðila og festa okkur á markaðinum“, segir Erlendur. „Tollalækkanirnar munu gjörbreyta þessu, ekki síst þar sem þær ná fyrr til framkvæmda vegna einangraðra plastkera, en Sæplast er leiðandi á þeim markaði á heimsvísu“.

### Tollalækkanirnar vegna aðildar Rússlands að WTO

Þegar ný ríki gerast aðilar að Alþjóðaviðskiptastofnuninni gefst þeim ríkjum sem fyrir eru tækifæri til að semja um tollalækkanir á einstaka vörum. Vegna regna stofnunarinnar munu öll aðildarríkin njóta góðs af niðurstöðunni. Af þessu leiðir að öll aðildarríki WTO, ekki aðeins Ísland, njóta góðs af þeim tollalækkunum sem Íslendingar hafa náð fram – og íslenskir útflytjendur munu geta nýtt sér þær tollalækkanir sem önnur ríki semja

um við Rússa. „Vegna eðli viðræðnanna lögðum við megináherslu á hráefni og tækjabúnað sem notaður er í sjávarútvegi og annarri matvælavinnslu,“ segir Grétar Már Sigurðsson. „Ástæðurnar fyrir þessari nálgun eru þrjár. Í fyrsta lagi þá eru þetta vörur sem nýtast Rússum við frekari þróun sjávarútvegs og það er beggja aðila að auka samstarf Rússlands og Íslands í sjávarútvegi og vinnslu. Í öðru lagi þá eru þetta vörur sem við Íslendingar þurftum að passa sérstaklega í viðræðunum. Við eigum einnig verulegra hagsmuna að gæta viðvíkjandi ýmsum öðrum vörum, ekki síst lyfjum og bætiefnum, en við deilum þeim hagsmunum með fleiri sterkum ríkjum og munum njóta þeirra kjara sem þau semja um þegar Rússar ganga í WTO. Í þriðja lagi eru þetta mikilvægustu útflutningsvörur okkar til Rússlands um þessar mundir og þessar tollalækkanir munu skila verulegum verðmætum fyrir mörg íslensk fyrirtæki.“

## Sjávarafurðir á „grænni viku“ í Berlín

**Árni M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra var viðstaddur opnun árlegrar grænnar viku í Berlín (Internationale Grüne Woche) sem er dagana 21.-30. janúar. 1500 fyrirtæki frá 56 löndum kynna framleiðslu sína þessa viku og er sýningin sótt af um hálfri milljón gesta frá Þýskalandi og öðrum Evrópulöndum. Auk þess koma um 400 blaðamenn frá 70 löndum til að fjalla um sýninguna.**

### Athygli vakin á heilnæmi sjávarafurða

Fulltrúar þýska fiskiðnaðarins og Hafrannsóknarstofnunar Þýskalands höfðu samband við sendiráð Íslands í Berlín til að bjóða Íslandi að vera kynningarland í ár í þriggja ára átaksverkefni til að vekja athygli á heilnæmi fisks, gæðum og hollustu. Sendiráðið skipulagði kynninguna en sjávarútvegsráðuneytið og íslensku sölufyrirtækin Iceland Seafood og Icelandic í Þýskalandi styrktu þátttöku Íslands á grænu vikunni. Árni Siemsen matreiðslumaður matreiðdi og kynnti íslenskan fisk á sýningarsvæðinu þá tvo daga sem Íslandskynningin fór fram. Samhliða grænu vikunni eru sérstakir íslenskir fiskidagar á veitingastöðunum „Drei“ í Berlín. Bauð sjávarútvegsráðherra, ásamt sendiherra Íslands í Berlín, til móttöku við upphaf íslensku fiskidaganna á einum af þeim veitingastöðum í miðborg Berlínar. Sóttu hana um eitthundrað boðsgestir bæði seljendur og kaupendur íslenskra sjávarafurða, matreiðslumeistarar, veitingahúsaeigendur og blaðamenn, auk embættismanna og fulltrúa úr stjórnmalum. Á grænu vikunni kynnti Lárus Sigmundsson frá „Ruppiner Hof“ íslenska hestinn, annað árið í röð, með daglegum hestasýningum.

### Stjórnkerfi sjávarútvegs kynnt

Í tengslum við Grænu vikuna tóku viðskiptafulltrúar hinna fimm norrænu sendiráða á móti ráðuneytisstjórum landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyta allra sambandslanda Þýskalands og þýska neytendamálaráðuneytisins. Viðskiptafulltrúarnir gerðu grein fyrir fiskveiði- og landbúnaðarstefnu Norðurlandanna og svöruðu spurningum viðstaddra. Ráðuneytisstjórnarnir voru mjög áhugasamir um að fá innsýn í mismunandi áherslur landanna og voru hrifnir af sendiráðasvæðinu, að Norðurlöndin fimm gætu haldið sínum séreinkennum þó þau væru staðsett á sameiginlegu svæði. Töldu þeir þetta geta verið fyrirmynd fyrir Þýskaland.

### Nýtið sendiráðið í Berlín!

Benda má á að frábær aðstaða er til funda, ráðstefnuhalds og margs konar kynninga á sameiginlegu svæði norrænu sendiráðanna og hvetur sendiráð Íslands í Berlín fyrirtæki til að nýta sér aðstöðuna og þjónustu viðskiptafulltrúa. Áhugasamir hafi samband í síma (00 49 30) 5050 4000 / 5050 4150 eða á netfangi sendiráðsins [icemb.berlin@utn.stjr.is](mailto:icemb.berlin@utn.stjr.is) / [ruth@mfa.is](mailto:ruth@mfa.is)